
Allt að 5.000 tonna fiskeldi Tálkna ehf við Þorlákshöfn Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. júní 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Tálkna ehf. um fyrirhugaða allt af 5.000 tonna fiskeldi við Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfus samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Matskyldufyrirspurn fyrir fiskeldi. Tálkni ehf, U-11 Þorlákshöfn, júní 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 7. júlí 2017.
- Fiskistofu með bréfi dags. 24. ágúst og tölvubréfi 20. september 2017.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 11. júlí og 16. október 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 17. júlí 2017.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 12. júlí 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 17. júlí 2017.
- Orkustofnun með bréfi dags. 26. júlí 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. júlí 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 31. júlí og 29. ágúst 2017.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Tálkni ehf fyrirhugi að reisa fiskeldisstöð á lóð suðvestan þéttbýlisins í Þorlákshöfn á um 9 hektara svæði, á milli starfandi seiða- og fiskeldisstöðva. Svæðið sé að stærstum hluta í gamalli 4 til 7 metra djúpri námu, sem sem sé lítt frágengin en að nokkru sjálfgróin. Stöðin sé hönnuð með það að leiðarljósi að ala laxfisk (bleikju, lax og sjóbirting) og mun hámarks lífmassi á hverjum tíma nema um 2.500 tonn um framleiðslugeta stöðvarinnar verði allt að 5.000 tonn á ári. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á mannvirkjum af mismunandi stærðum; þjónustuhús, sláturaðstöðu, spennuvirki ásamt varaafstöðvum, fóðurgeymslu, súrefnistanka og eldisker. Eldiskerin verði af mismunandi stærðum en í heild um 65.000 m³. Við full afköst stöðvarinnar er gert ráð fyrir að fóðurnotkun á ársgrundvelli verði um 5.200 tonn, m.v. 5.000 tonna framleiðslu og fóðurstuðulinn 1,1 kg fóður til framleiðslu á 1 kg af fiski.



Fram kemur að enn fremur verði reistir fjórir vatnsmiðlunartankar að lágmarki alls 3.600 m³ að stærð sem taki á móti grunnvatni sem dælt verði úr borholum innan svæðisins. Sjálfar borholurnar verði yfirbyggðar með lágrestum skúrbyggingum sem verði 3 til 6 m² að stærð.

Í framlögðum gögnum kemur fram að affallsvatni stöðvarinnar verði veitt til sjávar í sérstakri lögn eftir að föst úrgangsefni hafi verið látin botnfalla og seyra tekin frá í setgildrum, ásamt þeim lífrænum efnum sem skila sér út um miðjufrárennsli kerjanna, sem tekur 90 – 95% af lífræna úrganginum sem til falli við ferlið. Endurnýtingarferill vatns verði þannig að tiltölulega hreint affallsvatn streymir úr eldiskeri að ofanverðu sem markar yfirborðshæð eldisvökvans í kerinu. Vatninu verði því næst fleytt í gegnum tromlusú og þaðan í loftunarferil þar sem súrefni er bætt við vatnið.

Fram kemur að frárennsli frá stöðinni sé áætlað 4.000 l/sek og kerfið verði þannig uppbyggt að affallslagnir tengjast með seyrugildru og innbyggðum ristum sem varni því að fiskur sleppi og varni því jafnframt að villtur fiskur geti synt inn í eldskerin. Áætlað sé að frá stöðinni komi um 1.200 tonn af frásíuðu föstu efni á ári, miðað við full afköst, þ.e. 5.000 tonna ársframleiðslu af laxfiski. Magn af föstu efni breytist ekkert eftir tegundasamsetningu í eldinu, en 95-98% af fasta efninu verði skilið frá áður en affallinu verður veitt í viðtakann. Hreinsað frárennslið verði leitt til sjávar á brimasömu svæði þar sem straumur er staðbundið mjög sterkur og muni það tryggja góða blöndun og þynningu á milli eldisvökva og viðtakans að mati framkvæmdaraðila.

4 Umhverfisáhrif

Landslag, ásýnd og jarðmyndanir

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að þar sem stöðin verði á svæði sem sé þegar með sambærilegri starfsemi og mannvirkjum beggja vegna við hina fyrirhugaða fiskeldisstöð muni áhrif á landslag og ásýnd lands verða óveruleg nema á takmörkuðu svæði í fjörunni þar sem frárennsli stöðvarinnar verði leitt til sjávar.

Fram kemur að svæðið sé að stórum hluta lítt frágegnar gamlar námur. Hinn hlutinn sé tiltölulega ósprungnu raskað dyngjuhraun, en á svæðinu séu margir gamlir slóðar. Stærstu ker stöðvarinnar verði niðurgrafin að mestu leyti þannig að þau verði vart sjáanleg af jafnsléttu. Hæstu mannvirki á lóðinni verða allt að 8,5 metra há sem sé sambærileg hæð og nærliggjandi mannvirki beggja vegna við lóðina.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fjaran fyrir sunnan stöðina sé mestmegnis brimasöm stórgrýtisfjara. Áhrif lagna á jarðmyndanir innan svæðis verði óveruleg en nokkuð neikvæð á leið niður að fjörunni. Áhrif uppbyggingar á jarðmyndanir innan lóðar verði einnig að öðru leyti óveruleg sér í lagi þar sem mikill meirihluti mannvirkja stöðvarinnar verði staðsett í botni námunnar sem hafi verið mikið raskað á síðustu áratugum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að embættið telji að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar verði hverfandi og mögulegt að milda þau með vönduðum frágangi að framkvæmdum loknum.



Fuglar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að innan lóðar sé fuglalíf og fuglavarp fremur rýrt en nokkuð sé af mófugli sem verpi mestmegnis innan kríuvarpa við Þorlákshöfn, sunnan byggðarinnar, á svokölluðu Hafnarnesi þar sem graslendi er ríkjandi og landið að mestu algróið. Að sumarlagi megi finna á milli 25- 30 tegundir í nágrenni svæðisins en á vetrum fækki þeim niður í 15-20. Þá sækja fuglar í talverðu mæli í fæðu í fjörunni allt árið um kring.

Fram kemur að áhrif á fuglalíf verði aðallega vegna truflana á framkvæmdatíma og talið að áhrifin verði óveruleg. Lítið eitt af búsvæðum muni þó hverfa undir stöðina en ekki sé vitað um að tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sé að finna innan lóðar eða á nálægum svæðum.

Lífríki fjöru og sjávar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að stórgrýtisfjaran utan lóðar sé frekar snauð af lífi vegna mikils brims en þar fyrir utan séu gjöful fiskimið. Næst fjörunni sé uppeldissvæði margra fiskitegunda og mikið um smáfisk. Mikill straumur einkennir þetta svæði sem er í 11 km frá fjarlægð frá Ölfusárósi. Áhrif á lífríki sjávar eru talin óveruleg, þar sem þynning frárennslis frá stöðinni verði mjög mikil vegna brims og strauma og áhrifa muni gæta á mjög afmörkuðu svæði næst útrásinni m.a. áhrif á fuglalíf í fjörunni en þau verða staðbundin og eru talin verða óveruleg en áhrif á plöntulíf og krabbadýr við útrás geti e.t.v. orðið nokkuð neikvæð.

Samlegðaráhrif með nærliggjandi stöðvum muni eiga sér stað þó framkvæmdaraðili telji litlar líkur verði á næringarefnaauðgun sökum þess að viðtakinn sé skilgreindur sem síður viðkvæmur, samkvæmt flokkun hafsvæða. Fram kemur að fyrirtækin Laxar, Náttúra og Íspór hafi öll óskað eftir að auka framleiðslu sína umfram núverandi leyfi og í því samhengi séu tilgreint heildarlosun kolefnis og fosfórs í viðtakann framreiknað með tilliti til stækkunar nærliggjandi seiða- og fiskeldisstöðva.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með endurnýtingu vatns og notkun tromlusíu sé talið að unnt verði að skilja 95-98% af föstum útgangsefnum úr affallsvatninu áður en því sé veitt í viðtakann. Losun verði einnig í viðtaka við strönd þar sem sé mjög brimasamt og straumar sterkir. Hreinsað affallsvatn ætti því, að mati Umhverfisstofnar, að þynnast fljótt út.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ekki sé ljóst hve mikið af næringarefnum og úrgangi muni verða veitt í viðtakann. Bent sé á að lítið sé fjallað um samlegðaráhrif vegna annarra fyrirtækja en sitt hvoru megin stöðvarinnar séu seiða- og fiskeldisstöðvar fyrir laxfiska sem hafi kynnt áætlanir um stækkanir í nánustu framtíð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þegar hámarksframleiðslu strandeldisstöðvar Tálkna ehf verði náð sé gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði um 5.200 tonn á ári. Losun lífræns úrgangs fyrirtækisins mun aðallega ráðast af framleiddu magni fisks og fóðurnotkun, ásamt fóðurnýtingu og árangurs við hreinsun úrgangsefna úr frárennslis. Almenn má gera ráð fyrir að magn kolefnis í fóðri sé 51%, magn köfnunarefnis (niturs) um 6,5% og magn fosfórs um 0,9%. Þessar tölur verði lagðar fram til grundvallar útreiknings á losun næringarefna frá stöðinni.

Við síun frárennslis stöðvarinnar með tromlusíu næst að hreinsa um 50 % af köfnunarefni (nitur) og fosfór úr, frárennslinu. Ef lítið er til áætlaðar heildarlosunar stöðvar Tálkna og seiða- og fiskeldisstöðva Íspórs, Laxa og Náttúru þá sé heildarlosun þeirra af kolefni um 680 tonn, 35 tonn fosfórs og 264 tonn köfnunarefnis á ári. Hlutfall Tálkna í heildarlosuninni sé áætluð um 60% sem miðast við hámarksframleiðslu stöðvanna sem sé 7.300 tonn á ári af laxfiski.



Hafrannsóknastofnun bendir á að fullyrðing framkvæmdaraðila um að stórgrýtisfjaran við fyrirhugaða lóð sé frekar snauð af lífi, þurfi að rökstyðja, og bendir á að engin tilvísun í rannsókn fylgi þessari fullyrðingu og rétt að benda á að brimasamar fjörur geti verið mjög lífmiklar.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til flokkunar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á vistgerðum en skv. henni finnast þrjár fjöruvistgerðir á svæðinu í og við fyrirhugað frárennslisop fiskeldis Tálkna. Skv. flokkuninni eru allar þessar fjöruvistgerðir með lágt verndargildi. Farnar hafi verið 5 vettvangsferðir með líffræðingi til þess að sannreyna vistgerðamatið og um leið mæld selta á mismunandi tímum í fjörunum.

Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar sem barst í kjölfar svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn stofnunarinnar kemur fram að þau svör breyti ekki fyrri niðurstöðu stofnunarinnar.

Sjúkdómsvarnir og hættu á sleppingum eldisfisks

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að í fiskeldi sé ávallt hættu á að sjúkdómar geti komið upp í eldinu. Í strandeldi, þar sem notast sé við náttúrulega síaðan jarðsjó, sé hættan af sníkjudýrum og lús mun minni. Helstu sjúkdómar séu kýlaveikibróðir og nýrnaveiki og hyggst Tálkni lágmarka áhættu af þeirra völdum með bólusetningu gegn nýrnaveikinni og með því að nota einungis hrogn af stofni sem er laus við allt smit.

Í framlögðum gögnum kemur einnig fram hvernig komið verði í veg fyrir að villtur fiskur geti synt inn í eldiskerin gegnum frárennslislögn stöðvarinnar sem útbúin verði gildrum með ristum/netsigt, sem geri lögnina fiskhelda þannig að ómögulegt verði fyrir fisk að sleppa frá stöðinni og villtan fisk að finna leið inn til stöðvar. Að öðru leyti verði búnaður í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að gerð sé fyllilega grein fyrir því hvernig hindra skuli sleppingar eldisfisks úr stöðinni auk þess sem gert sé grein fyrir því hvernig staðið verði að sjúkdómavörnum. Af þessum sökum telji stofnunin að í tilkynningunni komi ekki fram atriði sem gefi ástæðu til þess að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að taka þurfi af öll tvímæli um að einungis sé um að ræða þauleldi á fiski en ekki standi til að framleiða seiði vegna fiskirækar eða til sleppinga í veiðiár. Einnig kemur fram að mikilvægt sé að fiskar sleppi ekki úr stöðinni og tryggja þurfi að mannvirki séu þannig úr garði gerð að þau komi í veg fyrir þann möguleika. Fiskistofu telur í þessu samhengi að gera verði skýrari grein fyrir því hvernig tryggt sé að fiskur berist ekki inn eða út úr stöðinni.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að ekki hafi verið fjallað um mögulega slysasleppingar laxfiska í sjó og lítið sem ekkert um þá eldisstofna sem nota eigi við eldið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsliskerfið verði þannig uppbyggt að affallsagnir kerja tengjast tengistokki með seyrugildru neðst og innbyggðum ristum (grindum) sem varna því að fiskur sleppi og einnig að villtur fiskur geti komist inn í eldisstöðina. Hinum megin við ristina sé útfallsrör, sem leitt verði niður að viðtakanum, og á enda þess sé steiptur frárennslisstokkur með hliðaropnunum. Þessi tvöfaldi ristarútbúnaður komi í veg fyrir slysasleppingum frá stöðinni. Ristarnar verða úr þykku stáli og með það þrönga möskvastærð að fiski stöðvarinnar verði gert ókleyft að komast þar í gegnum og verður eftirlit haft með því að ristarnar stíflist ekki.

Í frekari umsögn Fiskistofu kemur fram að framkvæmdaraðili hafi gefið viðhlítandi svör hvað slysasleppingar varðar og að öðru leyti gert nægilega vel grein fyrir þeim atriðum sem Fiskistofa benti á í umsögn sinni að þyrftu nánari skýringa við.



Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar sem barst í kjölfar svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn stofnunarinnar kemur fram að þau svör breyti ekki fyrri niðurstöðu stofnunarinnar.

Menningarminjar

Fram kemur í framlögðum gögnum að aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi liggja fyrir en hún hafi verið unnin af Fornleifastofnun Íslands árið 2015. Engar fornleifar séu taldar vera innan lóðar eða í nánasta umhverfi hennar. Þær minjar sem næst lóðinni standi séu á hverfisverndarsvæði austan við byggðina í Þorlákshöfn í um 1.100 metra fjarlægð. Áhrif framkvæmda og reksturs á fornleifar verða þannig óveruleg að mati framkvæmdaraðila.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að ekki hafi farið fram fornleifaskráning á lóðinni þegar aðalskráning fornleifa hafi farið fram hjá sveitafélaginu Ölfusi. Í tenglum við deiliskipulagsvinnu á hinni fyrirhuguðu lóð sé nauðsynlegt að skrá fornleifar á lóðinni. Ef fornleifar finnast á lóðinni þarf að sýna útlínur þeirra á deiliskipulagsupprætti og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili muni grípa til vegna þeirra í greinargerð eða umhverfisskýrslu skipulagsins.

Grunnvatn og vatnsnotkun

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að Selvogur og Ölfus séu afar auðug af fersku vatni og heildarrensli grunnvatns til strandar á þeim svæðum sé talið um 22 til 23 m³/s. Á úthlutaðri lóð Tálkna ehf séu kjöraðstæður til ferskvatnstöku sem sé um 6°C heitt. Jarðlög séu ung, lek og afar vatnsleiðandi þar sem regn og leysingarvatn sígi auðveldlega í jörðu og myndi mikla grunnvatnsstrauma.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé áætlað að grunnvatnsrensli sé um eða yfir 10 m³/s og þykkt ferskvatnslagsins sé um 14 metrar. Meginstraumur grunnvatnsins er úr norðvestri og séu vatnsbólín vestan byggðarinnar í Þorlákshöfn þau vatnsgæfustu í vestanverðu Ölfusi. Fram kemur að blandlag svæðisins, ferskvatns og sjávar, sé talið 7 til 8 metra þykkt og þar fyrir neðan taki við mjög lekir, vatnsleiðandi kaflar í hrauninu.

Fram kemur að heildarvatnspörf stöðvarinnar til framleiðslu á allt að 5.000 tonnum á laxfiski á ári sé áætluð 4.300 l/s af ísöltu og söltu vatni og allt að 290 l/s af fersku vatni. Áætlanir geri ráð fyrir að vatnsins verði aflað innan lóðarinnar, þ.e. með borun hola fyrir fullsaltan jarðsjó og með borholum sem taka vatn með minni seltu (íssalt), og hinsvegar með brunnum til öflunar ferskvatns.

Fram kemur að ferskvatnstaka sem nemi allt að 290 l/s ásamt þeim salta vökva er stöðin þarfnist verði langt innan allra marka og áhrif á grunnvatn svæðisins vegna ferskvatnstöku því talin verða óveruleg. Ekki sé talið að vatnstaka Tálkna hafi áhrif á vatnsöflun nálægra stöðva.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 taki til alls grunnvatns innan landsteina (sbr. 2. gr. laganna), hvort sem það er salt, ísalt eða ferskt, og ber að afla leyfis til nýtingar þess hjá Orkustofnun. Þá kemur fram í umsögninni að til þess að forðast vanhæfni á síðari stigum málsins, þegar og ef að nýtingarleyfisumsögn til Orkustofnunar skv. auðlindalögum komi, verði ekki að sinni lagt mat á efnisatriði varðandi grunnvatn, sem fram kom í greinargerð Tálkna.



Almennt um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Fram kemur í umsögnum Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar að að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þessi afstaða sé með þeim formerkjum að fiskar sleppi ekki úr stöðinni og tilgreint sé með fullnægjandi þætti hvernig staðið skuli að sjúkdómsvörnum við fiskeldið. Einnig er bent á að frárennsli í viðtakann sé við brimasama strönd með sterkum straumum þar sem hreinsað affallsvatn ætti ekki að valda uppsöfnun þar sem viðtakinn sé skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki, sem sé skilgreint í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 79/1999 m.s.b. sem ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns sé mikil og losun tiltekinnar mengunar sé ekki talin hafa skaðleg áhrif.

Í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telji í heildina séu allmörg atriði í tilkynningunni sem þurfi að skýra mun nánar og betur um eldisáformin í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Því telji stofnunin að fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum. Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar sem barst í kjölfar svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn stofnunarinnar kemur fram að þau svör breyti ekki fyrri niðurstöðu stofnunarinnar.

5 Skipulag og leyfisveitingar

Fyrirhuguð framkvæmd krefst breytinga á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og gerðar deiliskipulags af viðkomandi svæði og er sú vinna hafin. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus skv. mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi.

6 Niðurstaða

Um er að ræða fiskeldistöð á landi með framleiðslugetu allt að 5.000 tonn á ári á laxi, bleikju og sjóbirtingi. Stöðin er staðsett sunnan Þorlákshafnar á tæplega 9 ha raskaðri lóð, á milli starfandi seiða- og fiskeldisstöðva. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um allt af 5.000 tonna fiskeldi Tálkna ehf við Þorlákshöfn að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

Eðli framkvæmdar og staðsetning Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati með tilliti til eðlis framkvæmda skal m.a. taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Að sama skapi skal við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati taka tillit til staðsetningar framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi



áhrif á m.a. með tilliti til landnotkunar sem fyrir er og álagspóls náttúrunnar sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ef horft er til **umfangs** fyrirhugaðs fiskeldis er ljóst að það er talsvert umfangsmikið; um er að ræða framkvæmd sem er margfalt stærri en viðmið þau sem koma fram í tl. 1.11 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Skv. þeim ákvæðum er fiskeldi sem er 200 tonn eða meira tilkynningarskylt til ákvörðunar um matsskyldu.

Varðandi **nýtingu náttúruauðlinda** þá er ljóst að **umfang** vatnstöku er verulegt þó magn ferskvatns sé undir viðmiðum töluliðar 10.24 um magn grunnvatnsvinnslu sem er fortakslaust matsskyld framkvæmd, en viðmiðin eru 300 l/sek. Samanlagt magn grunnvatns sem Tálkni fyrirhugar að nema er hins vegar alls 4.590 l/sek, ef horft er til ísalts og salts grunnvatns auk fersks. Orkuskiptun bendir á í umsögn sinni að skilgreining á grunnvatni í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 taki til alls grunnvatns innan landsteina (sbr. 2. gr. laganna), hvort sem það er salt, ísalt eða ferskt. Skv. lögnum merkir grunnvatn vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Í tilskipun Evrópusambandsins 2011/92/ESB, sem ákvæði í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum byggja á, er svipaða skilgreiningu að finna. Þannig er hvorki í ofangreindum lögum né tilskipun Evrópusambandsins litið svo á að grunnvatnsvinnsla taki eingöngu til vinnslu fersks vatns. Í ljósi þess sem að framan er rakið er ljóst að vatnstaka vegna fyrirhugaðs fiskeldis fellur undir ákvæði tl. 10.24 og er því matsskyld framkvæmd.

Ef horft er til staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar og álagspóls náttúrunnar einkum strandsvæða telur Skipulagsstofnun að jafnmikið eldi og fyrirhugað er á vegum Tálkna kalli á nánara mat og greiningu m.a. með tilliti til áhrifa frárennslis sbr. ábendingar í umsögn Hafrannsóknastofnunar um óvissu um magn næringarefna og úrgangs sem muni koma frá starfsseminni og þeirra samlegðaráhrifa með öðrum seiða- og fiskeldisstöðvum á nærsvæði stöðvarinnar.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Tálkna ehf við tilkynningu, umsagnir og frekari upplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 5.000 tonna fiskeldi Tálkna ehf. við Þorlákshöfn, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Byggir sú niðurstaða á eftirtöldum viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna: Eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 1. og 2. tl. í 2. viðauka, m.t.t. stærðar og umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar, samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda auk hugsanlegrar úrgangsmýndunar og áhrifa á strandsvæði. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. janúar 2018.

Reykjavík, 11. desember 2017

Jakob Gunnarsson

Ómar Ingbórsson